

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 88/2013**2013/EES/61/38****frá 3. maí 2013****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/48/ESB frá 10. desember 2012 um breytingu á viðaukunum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/87/EB um tæknilegar kröfur vegna skipa í siglingum á skipgengum vatnaleiðum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/49/ESB frá 10. desember 2012 um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/87/EB um tæknilegar kröfur vegna skipa í siglingum á skipgengum vatnaleiðum ⁽²⁾.
- 3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 47a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/87/EB) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32012 L 0048**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/48/ESB frá 10. desember 2012 (Stjtið. ESB L 6, 10.1.2013, bls. 1),
- **32012 L 0049**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/49/ESB frá 10. desember 2012 (Stjtið. ESB L 6, 10.1.2013, bls. 49).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2012/48/ESB og 2012/49/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. maí 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. maí 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 6, 10.1.2013, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 6, 10.1.2013, bls. 49.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.